

### **13. fundur FOMEL haldinn í Brautarholti mánudaginn 25. nóvember 2013 kl 19:30**

Mætt voru: Sigríður Björk Gylfadóttir formaður, Guðni Árnason gjaldkeri, Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir ritari. Gestur fundarins var Pálmi Hilmarsson húsbóndi á heimavist ML og forvarnarfulltrúi.

Sigríður Björk stýrði fundi og Baldvina ritaði fundargerð. Fundur settur kl 19:30.

#### **1. Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum.**

Athugasemdir frá stjórn

3 gr. öðrum kafla, síðasta málsgrein: skólastjórnendum ber að upplýsa foreldra nemenda yngri en 18 ára ef ítrekað ... okkar niðurstaða að það ætti að upplýsa foreldra ef fundið er að hegðun.

5. gr öðrum kafla, 4. Málsgrein: Ef ekki ríkir trúnaður eða traust í tengslum við umfjöllun um mál ungmennis er frjálst að leita aðstoðar óvilhalls aðila. Hver greiðir kostnaðinn? Ætti að deila kostnaði milli skóla og heimilis?

7. gr þriðja kafla, síðasta málsgrein: Skólareglur skal endurskoða reglulega – hve oft? Loðið etv árlega.

10. gr þriðja kafla 2. Málsgrein: Áætlunin skal ná til allrar starfsemi, allra nemenda og foreldra/forráðamanna ... þarf ekki að taka fram foreldra yngri en 18 ára einstaklinga og foreldra eldri en 18 ára að fengnu leyfi hjá nemendanum.

10 . gr þriðja kafla, 3. Málsgrein. Kannanir á einelti – þarf ekki að setja það fast að þessar kannanir séu gerðar árlega.

Stjórn sammála um að reglugerðin sé vel gerð og þörf. Gott að ítreka samábyrgð skóla, nemenda og foreldra.

#### **2. Mögulegir styrkir**

Ræða við sveitarfélög á svæðinu og etv fyrirtæki. Löngun til að kaupa inn í N-stofu. Ákveðið að ræða við nemendafélag fyrst áður en farið verði í frekari aðgerðir. Þarf að kaupa búninga á kór? Eitthvað sem nytist í leiklistarstarfi? Eitthvað sem þeim vantar eða langar í?

Sigríður sendir póst á Halldór Pál varðandi fund með skólastjórn og svo með nemendafélaginu.

#### **3. Forvarnarstarf**

Regnbogabörn – eineltisumræða.

Fræðsla um heilsu og heilbrigði

Netnotkun

Fjármál – Jón Jónsson?

Prófkvíði, streita

Kynbundið ofbeldi  
Ofbeldi almennt  
Kynlíf og smitsjúkdómar

#### 4. Önnur fræðsla

Húmor, hamingja eða harmur – Edda Björgvins  
Að velja viðhorfið – Ásgeir Jónsson

#### 5. Heimsókn Pálma

Poolborð ónýtt – eldgamalt. Farið illa með. Mælt með því að nemendafélag kaupi sjálft nýtt borð.

Betra rými í N-stofu eftir að kórinn flutti um set sem og hljómsveitin.

Mælir með Stefáni Karli fyrir eineltisumræðu, einnig Íris hjúkrunarfræðingur Hsu með fræðslu um kynlíf – var fyrir 5 árum síðan

Hafði reynt að ná Jóni Jónssyni með fjármálaerindi og Pál Óskar en gekk ekki.

Guðni ætlar að tala við útbússtjóra Arion um að styrkja fræðslu um fjármál og Pálmi ætlar að tala við Írisi varðandi erindi um kynlíf. Ákveðið að hafa erindi í byrjun janúar og svo í mars.

Stutt síðan var farið í jákvætt viðhorf – Þorgrímur Þráins , í forvarnarferðinni í haust.

Forvarnir í vistarvörðum. Aldrei partý í miðri viku.

Almennar umræður um fíkniefnaleit í framhaldsskólum.

Fundi slitið kl 21:25